

Ár 2010, fimmtudaginn 23. september, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Fyrir var tekið:

Mál nr. 16/2009:
Sigurjónsson & Thor ehf. f.h.
Pierre Fabre Medicament,
Frakklandi
gegn
Árnason Faktor ehf. f.h.
Actavis Group PTC ehf.
vegna ákvörðunar
Einkaleyfastofu frá 10. júlí
2009 um að hafna andmælum
gegn skráningu nr. 1128/2007
VINORELSIN (orðmerki).

Kveðinn var upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi, dags. 8. september 2009, skaut umboðsmaður áfrýjanda til áfrýjunarnefndar úrskurði Einkaleyfastofu (ELS), nr. 15/2009 frá 10. júlí 2009, um að hafna andmælum gegn skráningu á merkinu VINORELSIN (orðmerki), sbr. skráning nr. 1128/2007. Þar var þess krafist að ákvörðun ELS, um að merkið væri ekki of líkt INN-heitinu *Vinorelbine* og uppfyllti því kröfur 13. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml.), yrði hrundið og skráning nr. 1128/2007 felld úr gildi.

Málavextir:

I.

Umboðsmaður varnaraðila sótti um skráningu vörumerkisins VINORELSIN með umsókn nr. 1092/2007, dags. 4. apríl 2007. Merkið óskaðist skráð fyrir vörur í flokki 5, lyf og lyfjablöndur. Merkið var birt í ELS-tíðindum hinn 15. október 2007, sbr. skráning nr. 1128/2007.

Með bréfi, dags. 12. desember 2007, andmælti umboðsmaður áfrýjanda skráningunni á grundvelli þess að VINORELBIN (sic) væri almennt heiti. Í greinargerð umboðsmanns áfrýjanda, dags. 4. janúar 2008, kom fram að andmælin byggðust á því að merkið VINORELSIN væri nánast eins og INN heitið VINORELBINE sem væri lyf sem hefði verið fundið upp á níunda áratug síðustu aldar og áfrýjandi hefði fengið

leyfi til að nota í atvinnurekstri sínum. Markaðsleyfi hefði verið veitt árið 1989 til að nota lyfið til að lækna lungnakrabbamein og hefði bandaríska lyfjastofnunin samþykkt lyfið í desember 1994. Umboðsmaðurinn krafðist þess að skráningu á merkinu VINORELSIN yrði hafnað með tilvísun í 13. gr. vml.

Í greinargerð umboðsmanns varnaraðila til ELS, dags. 17. apríl 2008, var vísað til þess grundvallarskilyrðis fyrir skráningu vörumerkis að það væri til þess fallið að greina vöru/þjónustu eigandans frá vöru/þjónustu annarra, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml., og að merki sem gæfu eingöngu, eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum, til kynna m.a. tegund vöru eða eiginleika, væru ekki nægilega sérkennileg skv. áðurnefndri grein. Þau væru lýsandi og teldust ekki hæf til skráningar. Þá bætti hann við að á sama hátt væri ekki heimilt að skrá vörumerki sem væri ætlað að auðkenna lyf ef það væri of líkt svokölluðu INN-heiti (e. International Non-proprietary Names), þ.e. staðli um alþjóðleg heiti á lyfjavörum. Þá vísaði hann til 2. mgr. 13. gr. vml. um að við mat á sérkenni merkis bæri að líta til allra aðstæðna, þó einkum til þess hversu lengi og að hve miklu leyti merki hefði verið í notkun. Umboðsmaður varnaraðila benti á að WHO (e. World Health Organization) héldi skrá yfir INN-heitin og að sérhvert INN-heiti væri sérstakt, viðurkennt alþjóðlega og væri almenningseign (e. public property), þ.e. það gæti ekki tilheyrt neinum einstökum aðila. Vísaði hann til þess mikilvæga þáttar INN-kerfisins að heiti lyfjafræðilegra efna sýndu tengsl sín á milli með sameiginlegum orðstofnum sem gerði læknum kleift að sjá að efni tilheyri hópi efna sem hafi samskonar lyfjafræðilega virkni. Þá sagði orðrétt:

Samkvæmt sérlyfjaskrá Lyfjastofnunar leiddi athugun í ljós að INN-heitið *vinorelbium*, líkt og tekið er fram í andmælunum, er ekki skráð hér á landi heldur er til skráð lyfið *NAVELBINE* í eigu andmælanda sem inniheldur virka efnið *vinorelbium*, sbr. fylgiskjal 1. Við göngum út frá því að skráningu vörumerkisins VINORELSIN sé andmælt vegna INN-heitisins *vinorelbium* en ekki *vinorelbin*.

Það er okkar mat að vörumerkið VINORELSIN sé á engan hátt of líkt INN-heitinu *vinorelbium*. Það sem skilur orðin að er meðal annars ending orðanna, þ.e. annars vegar endingin „sin” og hins vegar endingin „binum” og eru þær að okkar mati á engan hátt líkar hvorki í sjón né heyrn. Þar að auki bendum við á að vörumerki umbjóðanda okkar inniheldur færri atkvæði en framangreint INN-heiti og eykur það á aðgreiningareiginleika vörumerkisins. Jafnframt bendum við á að vörumerki umbjóðanda okkar VINORELSIN er ekki að finna í orðstofni INN-heitisins þar sem það inniheldur aðeins fyrri part merkisins en ekki seinni part þess, þ.e. endinguna „binum”. En almennt eru merki sem innihalda orðstofn INN-heitis talin of lík INN-heitinu sjálfu, sbr. ákvörðun Einkaleyfastofu í máli nr. 3/2006, þar sem vörumerkið *SERTRAL* var talið of líkt INN-heitinu *sertralinum* eða *sertalín*, þ.e. vörumerkið í heild sinni er að finna í INN-heitinu.

Þegar litið er til vörumerkis umbjóðanda okkar VINORELSIN má sjá að þar er ekki um smávægilega breytingu á INN-heitinu að ræða heldur breytingu sem að okkar mati gerir merkið aðgreiningarhæft og skapar því nægileg sérkenni. Þar sem að merkin eru ekki nákvæmlega eins er engin hættá á að verið sé að veita einum tilteknum aðila einkarétt á ákveðnu INN-heiti sem er eins og greint hefur verið frá almenningseign og getur ekki tilheyrt neinum einum aðila. En í fyrrnefndri ákvörðun Einkaleyfastofu er skýrt tekið fram að INN-heiti séu tegundarheiti og því skorti merki sem heita **það sama** og INN-heitin eða eru **mjög lík** þeim, sérkenni, skv. 1. mgr. 13. gr. vml.

Umboðsmaður varnaraðila tók síðan fram að fengi varnaraðili merkið skráð gætu sérfræðingar á heilbrigðisviði notað INN-heitið *vinorelbium* sem heiti yfir samskonar lyfjafræðileg efni. Þar að auki gætu framleiðendur samskonar lyfja og lyfið sem vörumerkið VINORELSIN auðkennir notað orðið *vinorelbium* til að lýsa innihaldi varanna. Varnaraðili fengi því aðeins einkarétt á orðmerkinu VINORELSIN en ekki stökum hlutum þess og skráning merkisins ætti því ekki að hafa neikvæð eða hamlandi áhrif á markaði. Þá benti umboðsmaðurinn á að merkið væri þegar skráð hér á grundvelli alþjóðlegrar skráningar¹ og hefði verið skráð hér síðan 31. júlí 2006. Þá sagði umboðsmaðurinn merkið vera skráð í fjölmörgum löndum auk landa Evrópusambandsins. Þá var vísað til vörumerkja sem hefðu fengist skráð hér á landi þrátt fyrir að geta talist lík INN-heiti sem hann kvað ekki óeðlilegt þar sem það væri venja í lyfjaiðnaðinum að vörumerkjum sem væri ætlað að auðkenna lyf bæru iðulega keim af INN-heiti viðkomandi lyfs eða heitinu á virku efni þess. Umboðsmaður varnaraðila krafðist þess að lokum að merkið yrði talið skráningarhæft.

Í greinargerð umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 19. júní 2008, var bent á að INN-heiti væru ekki skráð hér á landi heldur væri haldin skrá yfir þau hjá WHO. Þá var þess getið að NAVELBINE væri vörumerki í eigu áfrýjanda² en það tengdist þó ekki þessu máli. Umboðsmaður áfrýjanda tók fram að hann teldi varnaraðila ekki hafa fjallað um augljós líkindi milli VINORELSIN og VINORELBIN(E) í greinargerð sinni en hið síðarnefnda væri enska útgáfan á INN-heitinu og VINORELBIN væri danska, þýska og sænska útgáfan. Kvaðst umboðsmaðurinn telja villandi að byggja málið á hinni latnesku endingu eins og umboðsmaður varnaraðila hafi gert. Vísaði hann til fræðirita og kvaðst telja að VINORELSIN væri bersýnilega dregið af VINORELBIN(E) og að umboðsmaður varnaraðila hefði einbeitt sér að því að meta

¹ Sbr. skráning nr. MP-897 406.

² Sbr. skráning nr. 642/1990.

líkindi milli orðanna VINORELSIN og VINORELBINUM, þ.e. hins latneska heitis, en ekki tekið á líkindum milli VINORELBIN(E) og VINORELSIN.

Málavöxtum er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun ELS.

II.

Í niðurstöðu ELS var vísað til þess að andmælin byggðust á því að INN-heitið Vinorelbine(e) væri almennt heiti og skorti merkið VINORELSIN því sérkenni og aðgreiningarhæfi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997. Jafnframt var bent á að á vef WHO væri INN-heitið skráð með eftirfarandi hætti: vinorelbine, en samheiti þess væri einnig á vefnum á latínu, frönsku, spænsku, rússnesku, arabísku og kínversku. Hljóðfræðileg (e. phonetic) útgáfa orðsins væri tilgreind vinorelbine. Taldi stofnunin því rétt að miða við heitið vinorelbine, en hvorki latneskt né norrænt afbrigði orðsins. ELS vísaði til 1. mgr. 13. gr. vml. um það grundvallarskilyrði fyrir skráningu vörumerkis að það væri til þess fallið að greina vöru/þjónustu eiganda þess frá vöru/þjónustu annarra og að merki sem gæfu eingöngu til kynna, eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum, m.a. tegund vöru eða eiginleika væru ekki nægilega sérkennileg samkvæmt áður nefndri grein. Slík vörumerki væru lýsandi og teldust óskráningarhæf. Á sama hátt hefði ekki verið talið heimilt að skrá vörumerki sem væri ætlað að að auðkenna lyf ef merkið væri eins og eða of líkt hinum svonefndu INN-heitum en sérhvert þeirra stæði fyrir lyfjafræðilegt efni (e. pharmaceutical substance) eða virkt efni (e. active pharmaceutical ingredient). Reynt væri að koma í veg fyrir að INN-heiti tilheyri einum aðila og væri stefnt að því að þau yrðu án einkaréttar (e. non-proprietary) en þó væri viðurkennt að fyrirtæki gætu notað INN-heiti í vörumerkjum sínum ásamt fyrirtækjaheiti, svo lengi sem það hindraði ekki aðra í að gera slíkt hið sama. Þá var þess getið að mikilvægur þáttur INN-kerfisins væri að heiti lyfjafræðilegra efna sýndu tengsl sín á milli með notkun sameiginlegra orðstofna. Með notkun þeirra væri læknum, lyfsölum o.fl. gert kleift að sjá að efni tilheyri hópi efna með samskonar lyfjafræðilega virkni. Þá sagði orðrétt:

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í viðauka 3 við leiðbeinandi reglur WHO er vinorelbine ekki tilgreint sem INN- stofn, sem sérstaklega er tekið fyrir að skrá megi sem vörumerki. Forskeytið vin- eða vin- er aftur á móti tilgreint, en það stendur fyrir vinca alcaloids, eða lyf til meðhöndlunar á krabbameini, sem er sá lyfjahópur sem INN-heitið Vinorelbine tilheyrir. Endingarnar -orelbine, -orelsin, -relbine, -relsin, -elbine og -elsin er ekki að finna á fyrrgreindum lista.

ELS vísaði til niðurstöðu áfrýjunarnefndar nr. 16/2007 um að merkið FLUAZUR hefði nægjanleg sérkenni til að bera til að öðlast skráningu hér á landi þrátt fyrir töluverð líkindi við INN-heitið Fluazuron á þeim grundvelli að ekki lægi fyrir að orðið FLUAZUR væri einn þeirra sameiginlegu stofna sem sérstaklega væri tekið fyrir að skrá mætti sem vörumerki, sbr. lista í viðauka 3 við leiðbeinandi reglur WHO. Þá hefði ekki heldur legið fyrir að um heiti á virku efni væri að ræða og hefði nefndin bent á að hér á landi væri heimilt að skrá vörumerki sem væru talsvert lík INN-heitum ef þau fælu ekki í sér sameiginlegan stofn INN-heita og ekki væri um að ræða heiti á virku efni. Þá sagði orðrétt:

Ljóst er að merkið VINORELSIN hefur til að bera töluverð líkindi við INN-heitið Vinorelbine, enda er fyrri hlutinn VINOREL- þeim sameiginlegur, en endingin BINE og -SIN aðeins ólík að því leyti að í stað -B kemur -S í merki umsækjanda auk þess sem endingunni -E er sleppt. Endingin -E heyrir þó vart í framburði á Vinorelbine.

Að mati Einkaleyfastofunnar eru talsverð líkindi með merkinu VINORELSIN og INN-heitinu Vinorelbine, bæði í sjón og framburði. Þá liggur fyrir, samkvæmt upplýsingum úr sérlyfjaskrá Lyfjastofnunar, að INN-heitið Vinorelbine er virkt efni, sem er m.a. að finna í lyfjunum NAVELBINE og VINORELBIN ACTAVIS. Ljóst er þó að Vinorelbine er ekki einn þeirra sameiginlegu INN-stofna sem tekið er fyrir að skrá megi sem vörumerki og þó VINORELSIN innihaldi INN-stofninn vin-, er hann merkingarlaus sem slíkur og myndar aðeins lítinn hluta merkisins.

ELS vísaði því næst til þess að megintilgangur INN-heita væri sá að sérfræðingar á heilbrigðissviði hvar sem er í heiminum gætu notað sama hugtak eða heiti yfir samskonar lyfjafræðileg efni og að viðurkennt væri að fyrirtæki gætu notað INN-heiti í vörumerkjum sínum ásamt fyrirtækjaheiti, svo lengi sem það hindraði ekki aðra í að gera slíkt hið sama. ELS taldi að þrátt fyrir að orðmerkið VINORELSIN bæri töluverð líkindi af INN-heitinu Vinorelbine, yrði skráning þess ekki talin hindra aðra sem starfa á heilbrigðissviði í að nota INN-heitið Vinorelbine yfir samskonar lyfjafræðileg efni eða tilgreina heitið sem virkt efni í sambærilegum vörum sínum. Taldi ELS því merkið VINORELSIN uppfylla skilyrði 1. mgr. 13. gr. vml. um nægjanleg sérkenni og aðgreiningarhæfi og hafnaði kröfu umboðsmanns áfrýjanda.

III.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut ákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 8. september 2009 þar sem hann krafðist þess að úrskurði ELS yrði hrundið og skráning á merkinu VINORELSIN felld úr gildi. Í greinargerð hans, dags. 3. desember 2009, benti hann á að ELS hefði fallist á að hið umdeilda merki ætti að bera saman við orðið VINORELBINE en ekki VINORELBIUM. Umboðsmaður áfrýjanda mótmælti þeirri

röksemd ELS að þó að Vinorelbine væri ekki einn þeirra sameiginlegu INN-stofna sem væri tekið fyrir að mætti skrá sem vörumerki og þó að hið umdeilda merki innihéldi stofninn *vin-* væri hann merkingarlaus og myndaði aðeins lítinn hluta merkisins, ætti að leiða til höfnunar á kröfu áfrýjanda. Umboðsmaðurinn tók fram að hann teldi ályktun ELS fela í sér of þrönga túlkun á leiðbeiningarreglum WHO.³ Þar væri mælt með að skráningu vörumerkis yrði hafnað ef það líktist INN-heiti og sérstaklega ef merkið fæli í sér stofn INN-heitis. Í því sambandi vitnaði umboðsmaður til framkvæmdar í Danmörku varðandi skráningu vörumerkja sem líkjast INN-heitum. Loks ítrekaði umboðsmaður áfrýjanda kröfur sínar um að úrskurði ELS yrði hrundið.

Í greinargerð umboðsmanns varnaraðila til áfrýjunarnefndar, dags. 22. febrúar 2010, vísaði hann til þess að hann væri ósammála þeim röksemdum umboðsmanns áfrýjanda að merki varnaraðila hefði ekki til að bera nægileg sérkenni og aðgreiningarhæfi á grundvelli þess að það væri oft líkt INN-heitinu *vinorelbine*. Fram kom að umboðsmaðurinn teldi niðurstöðu ELS í málinu vera í samræmi við úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 16/2007 (FLUAZUR). Einnig sagði hann að það væri óumdeilt að vörumerkið *VINORELSIN* væri ekki að finna á lista WHO sem væri að finna í viðauka við leiðbeiningarreglurnar, né heldur virka efnið *vinorelbine* og að skráning hins umdeilda merkis hefti ekki möguleika annarra á heilbrigðssviði til að nota INN-heitið *Vinorelbine*. Umboðsmaður varnaraðila ítrekaði kröfur sínar í greinargerð til ELS, dags. 17. apríl 2008 og kvaðst telja að vörumerkið *VINORELSIN* væri ekki of líkt INN-heitinu *vinorelbine/vinorelbinum* en í fyrri greinargerð hefði hann borið merkið saman við þann rithátt sem Lyfjastofnun notaði. Þá sagði orðrétt:

Það sem skilur orðin að er ending orðanna, þ.e. annars vegar endingin “sin” og hins vegar endingin “bine” og eru þær að okkar mati á engan hátt líkar hvorki í sjón né heyrn. Þar að auki bendum við á að vörumerki umbjóðanda okkar inniheldur færri atkvæði en framangreint INN-heiti og eykur það á aðgreiningareiginleika vörumerkisins.

Þegar litið er til vörumerkis umbjóðanda okkar *VINORELSIN* má því sjá að þar er ekki um smávægilega breytingu á INN-heitinu að ræða heldur breytingu sem að okkar mati gerir merkið aðgreiningarhæft og skapar því nægileg sérkenni.

Með vísan til ofangreinds með sérstaka áherslu á það mat okkar að vörumerki umbjóðanda okkar er ekki of líkt INN-heitnu *vinorelbine/vinorelbinum* auk þess sem INN-heitið *vinorelbine* er ekki einn af þeim sameiginlegu INN-stofnum sem tekið er fyrir að skrá megi sem vörumerki þá uppfyllir vörumerki umbjóðanda okkar, að okkar mati, þær kröfur sem gerðar eru til sérkennis vörumerkja hér á landi.

³ Misritað sem leiðbeiningareglur WIPO í greinargerð áfrýjanda.

Umboðsmaður varnaraðila ítrekaði að hið umdeilda merki væri skráð hér á grundvelli alþjóðlegrar skráningar og væri skráð í öðrum löndum og í löndum Evrópusambandsins. Loks krafðist hann þess að úrskurður ELS héldi gildi sínu og að kröfu umboðsmanns áfrýjanda yrði hafnað.

Í viðbótargreinargerð umboðsmanns áfrýjanda til áfrýjunarnefndar, dags. 8. apríl 2010, vísaði hann til þess að ELS hefði tekið fram að alþjóðleg skráning hins umdeilda merkis ætti ekki við um þetta mál. Þá dró hann saman eftirtalin atriði sem hann taldi mestu skipta: Hann tók fram að andmæli áfrýjanda hefðu verið lögð inn með tilvísun í 13. gr. vml. og INN-heitið VINORELBIN(E) og benti á að í greinargerð umboðsmanns varnaraðila hefði að mestu verið gerður samanburður við hið latneska heiti *Vinorelbinum*. Þá hefði umboðsmaður varnaraðila ekki talið neitt nýtt hafa komið fram í málinu, þrátt fyrir ýmsar athugasemdir umboðsmanns áfrýjanda í greinargerð sinni. Umboðsmaður áfrýjanda ítrekaði að hann féllist ekki á forsendur niðurstaðna ELS í málinu og að túlkun stofnunarinnar á leiðbeiningarreglum WHO væri of þröng. Var því næst vísað til skjals frá einni fastanefnd WIPO⁴ frá 7. október 1999 um samvinnu WHO og WIPO varðandi skráningu vörumerkja sem líkjast INN-heitum. Kvaðst umboðsmaðurinn telja að í gögnum frá þessari nefnd væri að finna skýringu á hluta af því sem hann taldi vera misskilning hjá ELS, þ.e. að stofnunin hefði litið á það sem skilyrði að VINORELSIN væri líkt INN-stofninum VIN-. Umboðsmaður áfrýjanda mótmælti því að ELS veitti einum aðila einkarétt á orðinu VINORELSIN en hann taldi merkið mjög líkt eða nánast eins og INN-heitið VINORELBIN(E).

Í viðbótargreinargerð umboðsmanns varnaraðila, dags. 26. maí 2010, ítrekaði hann fyrri röksemdir og kvaðst telja tilvísun umboðsmanns áfrýjanda til gagna nefndar um samvinnu WHO og WIPO vera óviðeigandi þar sem túlkun slíkra leiðbeinandi reglna væri mismunandi milli landa, enda hefði nefndin ekki gefið út svokallað „Joint Recommendation“ um INN-heiti. Að lokum krafðist umboðsmaðurinn þess að úrskurður ELS yrði staðfestur og kröfum áfrýjanda hafnað.

⁴ Standing Committee on The Law of Trademarks, Industrial Designs and Geographical Indications

Niðurstaða:

IV.

Deilt er um hvort INN-heitið VINORELBINE fyrir krabbameinslyf komi í veg fyrir skráningu orðmerkisins VINORELSIN, sbr. skráningu nr. 1128/2007, fyrir lyf og lyfjablöndur í flokki 5. Í leiðbeinandi reglum⁵ WHO frá 1997 koma fram tilmæli þess efnis að aðildarríki sporni við skráningu INN-heita sem vörumerkja og er sérstaklega tekið fram að forðast beri skráningu vörumerkja sem leiða megi af sameiginlegum stofnum (e. common stem) INN-heita. Þá er sterklega mælt með því að ekki verði skráð vörumerki sem eiga rætur sínar að rekja til INN-heita. Um er að ræða leiðbeinandi reglur sem eru ekki bindandi fyrir einstök ríki. Að baki reglunum liggur eðlilegur vilji til að tryggja að heiti virkra efna í lyfjum verði öllum frjálst til afnota. Hins vegar er ljóst að túlkun og framkvæmd þessara leiðbeinandi reglna er mismunandi frá einu landi til annars og ekki skýrar reglur um hvernig með skuli fara. Ljóst er að INN-heitið óbreytt verður ekki skráð sem vörumerki þar sem þau eru í eðli sínu tegundarheiti en hins vegar er óljóst hversu mikla eða litla viðbót eða breytingu á orðinu þarf til að það öðlist sérkenni og geti verið skráningarhæft. Það byggist því á mati skráningaryfirvalda í hverju landi.

Fyrir liggur að orðið VINORELSIN er ekki einn þeirra sameiginlegu stofna sem sérstaklega er varað við í reglunum að skráðir verði sem vörumerki, sbr. lista yfir slíka sameiginlega stofna í viðauka 3 við leiðbeinandi reglur WHO. Þá liggur jafnframt fyrir að orðmerkið er víða skráð í löndum sem eru aðilar að WHO, m.a. Noregi, Sviss og hjá löndum Evrópusambandsins í gegnum evrópsku skráningarskrifstofuna OHIM. Merkið er einnig skráð hér á landi í gegnum alþjóðaskráningu nr. 897 406. Mat áfrýjunarnefndar er að sú breyting á INN-heitinu VINORELBINE að setja einsatkvæðis endinguna –SIN í stað tveggja atkvæða endingarinnar -BINE verði talin nægileg til að orðmerkið VINORELSIN hafi nægilegt sérkenni til að öðlast skráningu hér á landi. Skráning orðmerkisins VINORELSIN fyrir lyf og lyfjablöndur kemur ekki í veg fyrir að aðrir geti notað INN heitið VINORELBINE fyrir sín lyf og/eða lyfjablöndur sem innihalda hið virka lyfjaefni til að tilgreina þá staðreynd.

⁵ Guidelines on the Use of INNs for Pharmaceutical Substances (1997), sjá http://whqlibdoc.who.int/hq/1997/WHO_PHARM_S_NOM_1570.pdf

Með vísan til ofangreinds og röksemda í ákvörðun Einkaleyfastofunnar er það niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar að staðfesta beri úrskurð Einkaleyfastofunnar.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir formaður áfrýjunarnefndar, Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur og Sigrún Brynja Einarsdóttir lögfræðingur.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Einkaleyfastofu, dags. 10. júlí 2009, um að skráning vörumerkisins VINORELSIN (orðmerki), nr. 1128/2007, skuli halda gildi sínu, er staðfest.

Rán Tryggvadóttir

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Rétt endurrit staðfestir